



Leikskólinn Skerjagarður

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat Skerjagarðs fyrir 2024-2025	5
Innra mat	5
Ytra mat	6
3. Umbótaáætlun Skerjagarðs 2025-2026	7
4. Innra mat Ból og Bakka 2024-2025	9
Umbótaáætlun Ból 2024-2025	9
Styrkleikar Ból	9
Tækifæri Ból	9
Umbótaáætlun Bakki 2024-2025	10
Styrkleikar Bakki	10
Tækifæri Bakki	10
5. Umbótaáætlun 2025-2026	11
Mat barna á ferilsbókum:	12
6. Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	13
7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva.	14
8. Foreldrasamvinna	15
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10. Fylgiskjöl	15



1. Greinargerð leikskólastjóra

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „*staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð*“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi

Á síðasta skólaári unnum við eftir umbótaáætlun ársins á undan, við tókum líka aðra þætti fyrir eins og leikinn, flæði og lögðum við okkur fram við að koma með kveikjur inn í leikinn. Við munum halda áfram að horfa á leik barna sem námsleið, en það er partur af umbótaáætlun næsta skólaárs. Flæðið/valið verður endurskoðað og munum við hafa ljósmyndir af svæðunum sem við teljum skapa meiri ró og hæglæti í starfi.



Starfsmenn munu hafa ákveðið svæði í ákveðinn tíma og sjá til þess að þar sé fjölbreyttur efniviður í boði. Það kom skýrt fram á starfsdegi að starfsfólk vildi meiri festu á leiksvæðum sem skapar ró og leikurinn fær lengri tíma til að þróast, þannig staldra börnin lengur við. Í raun var of mikið frjálsræði og val fyrir börnin sem þau áttu erfitt með að takast á við. Mikilvægt er að huga vel að innri ró og þroska barna til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Því var ýmislegt endurbætt og lagað í starfinu. Spennandi verður að takast á við það, því barnahópurinn er alltaf ólíkur á milli ára, mikilvægt að taka tillit til þess og kom það skýrt fram á þessu skólaári. Leikskólastarf er fjölbreytt og lifandi og alltaf þarf að skoða starfið og hlutverk starfsmanna. Við á Skerjagarði erum sammála því að mikilvægt sé að huga að hæglæti, öryggi og festu í öllu starfi, það verður í forgangi á næsta skólaári. Umbótaáætlun næsta árs byggir meðal annars á því.

Starfið hefur einkennst af miklum metnaði og fagmennsku. Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur vera góð í skapandi starfi. Unnið var með hugmyndir barnanna og þau komu með tillögur að verkefnum sem voru framkvæmdar til dæmis í myndsköpun. Alltaf er haft lýðræði að leiðarljósi, börnin velja viðfangsefni að hausti sem stendur yfir meðan áhugi barnanna er.

Á Bakka, elstu deildinni var unnið með gamla tímann og fléttaðist það inn í þórrann sem vakti mikinn áhuga, unnið var með það á fjölbreyttan hátt. Börnin vissu mikið um tímann áður fyrr, hvernig leik barna var háttað og húsbyggingar hér áður fyrr. Sást vel hvað þekking barnanna varð alltaf meiri og meiri í ferlinu þegar skráning var skoðuð og þekkingarvefurinn rýndur. Foreldrar nefndu við okkur hvað væri einstakt hvað börnin voru klár og fljót að læra ýmis lög og þulur tengdar gamla tímanum. Elstu börnin unnu með þulur og orð á



fjölbreyttan hátt t.d skrifa orðin og skoða merkingu þeirra. Í þessu verkefni var mikil samvinna og lýðræðið var allsráðandi, eins og alltaf á Skerjagarði.

Elstu börnin á Skerjagarði tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Í þessu verkefni lærðu börnin lög eftir ákveðinn höfund sem tónskólinn velur ár hvert og æfa börnin lögin í leikskólanum ásamt því að vinna ýmis verkefni í tengslum við lögin. Í ár voru tekin fyrir lögin hans Braga Valdimars. Með því að taka þátt í þessu verkefni gafst tækifæri til að flétta saman tónlist, skapandi starfi, málörvun, hugrekki, framkomu og heimspeki, sérstaklega þegar við kryfjum textana. Farið var í heimsókn í Tónskólann. Verkefninu lauk með tónleikum þar sem foreldrum og öðrum fjölskyldumeðlimum var boðið að koma. Börnin voru einstaklega stolt og ánægð með sinn þátt í þessu verkefni.

Á Bóli og Bakka fær frjáls og sjálfsprottin leikur stórt vægi í dagskipulaginu. Þar sem börnin fá að prófa ýmiskonar leikfni bæði opin og fyrirfram ákveðin. Á báðum deildum verður unnið að hæglæti í starfi með litlum barnahópum. Markmiðið með því er að leggja áherslu á áhuga, innri ró og einbeitingu hvers barns. Börnin fá að velja sér svæði út frá áhuga. Við ætlum að leggja áherslu á að börnin staldri við, hafi festu og öryggi. Umfram allt að starfsmenn þekki hlutverk sitt. Þessar áherslur komu skýrt fram á starfsdegi í maí.



Við gerðum okkar besta við að meta starfið jafnóðum og lögðum áherslu á það í vetur. Þannig náðum við að gera starfið faglegra og að allir fundu að þeir skipta máli í leikskólastarfinu. Á yngri deildinni vildum við leggja áherslu á að vinna með málörvun í öllu okkar starfi, við teljum það almennt gott fyrir barnahópinn enda eru þetta börn á máltöku aldrinum. Málörvunarstundir eru á yngri deildinni og voru útbúnar sérstakar töskur með góðum bókum sem eru síðan notaðar í samverustund. Mikilvægt er að hafa samverustundir innihaldsríkar, markvissar og að efni sé aðgengilegt fyrir starfsfólk.

Við leggjum áherslu á læsi hér á Skerjagarði, við erum alltaf með bókaviku í hverjum mánuði. Bókavikan skilaði sér vel heim til barnanna því þau koma með bækur í skólann og var lestur bóka meiri en verið hefur. Lesið var reglulega yfir daginn og voru bækur til dæmis skoðaðar yfir morgunmatnum. Við teljum bókavikuna vekja áhuga hjá börnunum um lestur bóka og skapar umræður milli barna, starfsfólks og foreldra. Við lögðum okkur öll fram við gerð nýrrar skólanámskrár, gaman hvað sú vinna tókst vel, teymisfundir voru





haldnir og umræður á deildafundum. Við erum búin að vera endurskoða okkar ferlisbækur og munum við meta þær með elstu börnum skólans. Börnin hafa áhuga á ferilsbókunum, þær eru aðgengilegar, eitt er víst að það verður gaman að meta bækurnar með þeim.

Skólaárið var gott hér á Skerjagarði, á starfsdegi í vor kom skýrt fram hjá starfsfólki skólans, að það var ánægt með veturinn en það koma líka fram hvað við getum gert betur, það er alveg jafnmikilvægt því það gerir skólasamfélagið betra. Við hlökkum til næsta skólaárs.

2. Innra og ytra mat Skerjagarðs fyrir 2024-2025

Á síðasta starfsári vorum við með nokkra þætti sem við gerðum heildarmat með starfsfólki á starfsdaginn okkar nú í vor. Fyrst má nefna örfundi. Starfsfólk var almennt ánægt með þessa fundi og jafnvel talaði um að hafa þá oftár. Þessir örfundir eru virkir í dagskipulagi skólans og auðvitað þurfum við að vera meðvituð um að halda þessum fundum áfram. Eins gerðum við innra mat á ferilsbókunum okkar, sendum foreldrum póst um að þeir tækju þátt í að gera ferilsbókina lifandi út frá reynslu barnanna heima fyrir með því að senda okkur skráningu úr daglegu lífi barnsins. Foreldrar tóku þátt í mati á þessum umbótaþætti í foreldraviðtölum og gaman að sjá hvað þeir voru virkir og almenn ánægja með bækurnar. Allir voru sammála um það að málörvun væri stór þáttur í okkar starfi og því var ákveðið að halda áfram að gera enn betur þar sem við teljum þetta vera mikilvægan þátt í leikskólastarfi. Það sem tókst vel á síðasta starfsári var að reglulega var tekið fyrir efni og sett í samverutöskur. Þetta veitti starfsfólki öryggi og festu og dýpri stundir með börnunum. Við erum ákveðin að halda áfram með þennan umbótaþátt og útbúa lista og tengja við árstíðir og þemu. Við munum upplýsa foreldra um það sem tekið er fyrir hverju sinni. Foreldrar hafa lýst yfir ánægju sinni í foreldraviðtölum með hversu mikið er lagt upp úr málörvun í daglegu starfi.

Innra mat

Hvað var metið? Málörvun	
Hvernig fór matið fram?	Á deildar- og lausnateymisfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymið og allt starfsfólk skólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólki fannst það öruggara í starfi með notkun samverupoka. Einnig í daglegu starfi með því að setja orð á athafnir, spilað, fataklefi og meira unnið með þulur og sönglög. Það verður unnið dýpra með þetta á næsta skólaári. Með betri utanumhaldi og skráningum.





Hvað var metið? Örfundir	
Hvernig fór matið fram?	Í starfsviðtölum og starfsdegi og í umræðum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymið og allt starfsfólk skólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Veitti fólki öryggi í starfi það vissi betur hlutverk sitt og dagskipulag skólans varð skiljanlegra og sýnilegra. Ef upp kom áskoranir í starfinu sem þurfti að bregðast við var leyst úr því á örfundi.

Hvað var metið? Ferilsbækur	
Hvernig fór matið fram?	Í foreldraviðtölum og á starfsdegi í vor
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, foreldrar og áhugi barnanna.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mikil ánægja með bækurnar, skemmtilegt að fá skráningar að heiman og tengja við leikskólann með þátttöku í samverustundum.

Hvað var metið? Stefna	
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi með kynningu og farið yfir skólanámskrá og nýja þætti í vinnslu hennar..
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur. Starfsmenn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Allir eru meðvitaðir um stefnu skólans og fengu hugmyndir um hverju þyrfti að breyta samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar. Keyptum fyrirlestur um ýmsa þætti í skólanámskrá sem nýttist vel í gerð hennar. Skólanámskrá er lifandi plagg og starfsfólk er hvatt til að lesa hana þegar tækifæri gefst og nýtt starfsfólk fær einnig kynningu.

Ytra mat

Hvað var metið? Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Með spurningalista til foreldra sendum heim í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barnanna.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Kom einstaklega vel út, fengum engan afgerandi þátt sem þarf að laga eða styrkja okkur í. Flott að fá svona könnun sem kláralega heldur okkur við efnið og gera gott starf enn betra.





3. Umbótaáætlun Skerjagarðs 2025-2026

Út frá mati og umbótaáætlun síðasta árs og umræðum á starfsdegi í vor var ákveðið að halda áfram með málörvun fyrir komandi starfsár. Einnig er hugmyndin að gera skýrari læsistefnu fyrir skólann og þessi þáttur fléttast inn í það. Á starfsdegi í vor var ákveðið að fara í námsferð á næsta ári til Svíþjóðar. Þar ætlum við meðal annars að skoða skóla með áherslu á útikennslu. Viljum við því flétta því inn í umbótaáætlun skólans á næsta ári.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun í öllu starfi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Lærdómsríkar og markvissar samverustundir þar sem áætlun um efni og námsefni tengt þemum og árstíðum er sýnilegt og tilbúið bæði fyrir starfsfólk og foreldra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa áætlun um hvað skuli taka fyrir hverju sinni 5-6 vikur í senn. Hafa einnig tilbúna bækur og viðfangsefni eins og sönglög og þulur sem hægt er að grípa til í samverupokum og kössum.
Ábyrgð	Stjórnendur skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á örfundum í litlum hópum og skoðað út frá skráningarblöðum og áætlun
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allir eru öruggir og vita hlutverk sitt í samveru. Foreldrar eru upplýstir og efniviður og áætlun aðgengileg. Sjá fylgiskjöl



Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skipulagðar útikennslustundir 1x í viku Hver hópur fari í skipulagða útikennslu stund með bakpoka með ýmsum gögnum tengdum útikennslu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Farið yfir útikennslugögnin og setja upp áætlun og skráningu fyrir stundirnar tengja við þemu/árstíðir og málörvun hverju sinni.
Ábyrgð	Stjórnendur skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjum haustið 2025 og lok vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og starfsdegi að vori á þar til gerðum matsblöðum fyrir starfsfólk. Sjá fylgiskjöl Með viðtölum við börnin þar sem ljósmyndir og skráningar úr útikennslustundum eru með í viðtölunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allir eru meðvitaðir um mikilvægi útikennslu og bjóða upp á skapandi og hvetjandi efnivið til útikennslu. Allir séu öryggir og vel upplýstir um markmið og áætlun hverju sinni. Sjá viðhengi



4. Innra mat Ból og Bakka 2024-2025

Á starfsdegi í maí voru umbótaþættir deildanna metnir og tóku allir starfsmenn skólans þátt í því og komu með hugmyndir og góða punkta. Þetta var gert í formi dúka kaffi þar sem allir gátu skrifað niður vangaveltur og hugmyndir.



Umbótaáætlun Ból 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Að auka flæði í leiknum og opna rými með efnivið og leikefni aðgengilegan	Að börnin geti flætt á milli leiksvæða eftir áhuga hverju sinni	Festa kennara og starfsmenn á rýmin þeir bera ábyrgð á einu rými og hvað leikefni og efniviður er á svæðunum.	Deildar- Stjóri, hópstjóri	Sept 2024	Júli 2025	Skráningar á svæðum með ljósmyndum og skriflegum hætti, ræða á örfundum og fara yfir gögnin.	Að kennari þekki hlutverk sitt og leiksvæðin/rýmin á deildinni og opnu rýmin séu í notkun og börnin flæði á milli leiksvæða.

Styrkleikar Ból

Umbótaþáttur síðasta árs var að auka flæði í leiknum, opna rýmin betur og gera efnivið og leikefni aðgengilegra börnum. Það gekk vel að opna rýmin og hafa flæði á deildinni starfsfólk fann sig öruggt með að nýta allt leikefni og gera hann aðgengilegan börnunum. Börnin fengu að flæða á milli leiksvæða og passað var upp á fjölbreyttan efnivið bæði sem reyna á úthald barna og samskipti þeirra á milli. Einnig gekk vel að hafa ljósmyndir úr starfinu sýnilegar upp á vegg og í ferilsmöppum.

Tækifæri Ból

Þegar við fórum að meta og ræða umbótaþátt síðasta árs vorum við sammála um að það hafi gengið vel að opna rýmin. Starfsfólk var tilbúið með efnivið og leikefni á gólfum og borðum í rýmum. Eins tókst betur að halda utan um barnahópin. Það kom þó í ljós að aldursblöndun var ekki svo góð með tilliti til samsetningu barnahópsins, þannig var ákveðið að minnka hópana í flæðinu og ekki hafa yngri og eldri saman og þá gekk þetta betur. Þar sem þetta tókst vel þá verður starfið í þessum dúr en við þurfum að taka tillit til samsetningu og aldurs barnahópsins á deildinni. Umbótaþáttur næsta árs er að dýpka og skipuleggja samverustundir betur. Alltaf skýrt upphaf og endir þar sem starfsfólk og börn ganga skýrt að. Hver barnahópur á sinn samverustað og hvert barn á fast sæti í samverunni. Við ætlum að hafa skýrt markmið með morgunsamveru þar mun verða áhersla á lestur bóka en í samverunni fyrir hádegismat er lögð áhersla á söng og þulur.



Umbótaáætlun Bakki 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Flæði á Bakka	Að barnið geti valið sér leikefni eða viðfangsefni óháð tíma og takmarkana	Það fara fjögur börn í einu að velja sér viðfangsefni og svo koll af kolli	Stjórnendur Hópstjórar framkvæma.	Ágúst 2024	Maí 2025	Skráningar í bækur hvernig gengur, taka myndir, ræða á deildarfundum og taka viðtal við börnin.	Börnin hafa frelsi varðandi viðfangsefni og verða örugg í því að auka færni í leik og sköpun. Starfsfólk er búið að undirbúa flæðisstundina og þá skapast meiri ró í barnahópnum þegar starfsfólk er til staðar á svæðunum

Styrkleikar Bakki

Umbótapáttur síðasta skólaárs (sjá töflu fyrir ofan) var flæði þannig að barnið geti valið sér leikefni eða viðfangsefni óháð tíma og takmarkana. Í flæðinu gátu börnin valið sér leikefni eða viðfangsefni eftir áhuga. Börnin fengu frelsi og öryggi í því að auka færni sína í leik og sköpun. Þau fengu tækifæri til að rækta styrkleika sína og hafa áhrif á eigið nám og sökkva sér niður í viðfangsefnið hverju sinni. Svæðin voru nýtt mun betur í flæði og börnin dreifðust betur og kennarar völdu sér svæði eftir áhuga og styrkleika. Ef kennari var til staðar á sínu svæði og bauð upp á fjölbreyttan efnivið varð minna um árekstra og meiri ró skapaðist á svæðunum.

Tækifæri Bakki

Þegar við vorum að meta umbótapáttinn kom skýrt fram að við viljum halda áfram að ýta undir sjálfstæði barna í leik og bjóða þeim upp á fjölbreyttan efnivið en með breyttu sniði en áður. Við viljum leggja meiri áherslu á hæglátara leikskólastarf og færa okkur meira yfir í val/flæði á svæðum og hafa það myndrænt. Börnin á þessu skólaári hafa átt erfitt með að taka þátt í flæði þar sem samsetning barnahópsins er ólík. Það hefur verið erfitt að leyfa börnum að flakka á milli stöðva og komast í þetta flæðisástand sem við hefðum viljað sjá. Kennarar upplifðu meira af agaleysi og stjórnleysi í börnum og vildum við vinna betur með að æfa innri ró, einbeitingu og seiglu. Vera með áætlun fyrir alla starfsmenn þannig að starfsmenn beri ábyrgð á einu svæði í ákveðinn tíma. Þetta hjálpar starfsfólki að vita sitt hlutverk, þá skapast meiri ró og börnin verða færri á hverju svæði.





Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t.d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. Umbótaáætlun er gerð fyrir yngri og eldri börn í samvinnu deilda

5. Umbótaáætlun 2025-2026

Ból 18 mánaða til þriggja ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa áætlun um og skipulag fyrir hvernig innihaldsríkar samverustundir eiga vera. Þær fylgja þemu eða viðfangsefni sem tekið er fyrir hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í ákveðnum hópum eftir aldri, ákveðnir hópstjórar sjá um sinn aldurshóp að fylgja þessu eftir. Viðfangsefnin eru á ákveðnum stað og aðgengileg öllum sem koma að stundinni.
Ábyrgð	Stjórnendur og hópstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Örfundir, deildafundir og með samræðum um hvernig gengur einnig hvernig gengur að skipta út viðfangsefni tengt starfinu hverju sinni.

Bakki þriggja til sex ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsfólks í flæði/vali.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa sjónrænt flæði/val fyrir börn. Að börnin staldri lengur við á svæðum, kennari ætíð til staðar og býr til tækifæri til að auðga og þróa leik barna. Kennarar eiga sitt svæði í 5-6 vikur í senn og það verður áætlun fyrir hvern og einn starfsmann sem er sýnileg öllum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sex til átta börn á svæði. Hugmyndabanki til staðar á svæðunum til að starfsfólk verði öruggara. Starfsfólk fái rými og tíma til undirbúnings.
Ábyrgð	Stjórnendur og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 til vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á ör- og deildarfundum á þar til gerðum fundarblöðum.



Mat barna á ferilsbókum:

Á þessu skólaári var ákveðið að börnin myndu meta ferilsbækur sínar. Skemmtilegt að segja frá að foreldrar hafa komið að ferilsbókunum með okkur og hafa börnin verið að koma með skráningu að heiman. Eftir ígrundun með börnunum sáum við að upplifun og reynsla barnanna t.d í ferðum var umtalað hjá þeim hvað þeim fannst gaman að skoða þær myndir og segja frá. Bækurnar eru aðgengilegar og börnunum finnst gaman að sýna þeim sem yngri eru og segja frá reynslu sinni. Á næsta skólaári munum við setja fleiri myndir úr ferðum og útikennslu.



Spurt var: Hvað er skemmtilegt að hafa í ferilsmöppunni þinni?

- „Hafa myndir úr ferðum, þá man maður hvað var að gera“
- „Skemmtilegt að koma með myndir úr ferðalögum með mömmu og pabba“
- „Þegar við setjum listaverk í möppuna okkar,, er gaman að hafa ljósmyndir t.d þegar maður gerir listaverk á sumrin“
- „Gaman að skoða og sýna öðrum“

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Við á Skerjagarði leggjum áherslu á lýðræðislegt samstarf og að allir hafi rödd, hugmyndir allra í skólasamfélaginu skipta máli. Lögð er áhersla á umræður um uppeldi og nám barna í öllum starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtal fer fram einu sinni á ári og fá starfsmenn punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fóru fram í jan-feb. Leiðbeiningarviðtöl eru á fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram um að hrósa starfsfólki sínu og hvetja þau til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott.

Í **starfsþróunarviðtölunum** kom það skýrt fram að starfsmenn fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins talaði starfsfólk um að þeim finnst gott að fá að stjórna ákveðnum verkefnum og fylgja sínum barnahóp út skólaárið. Það kom skýrt fram að starfsfólk var að mestu leyti ánægt með flæðið en vill hafa meiri festu og aga á þeim svæðum sem eru í boði. Verður það tekið fyrir í umbótaáætlun.

Farið var yfir þá þætti sem var verið að taka fyrir í skólanámskrá, og þær breytingar sem þarf að gera á henni. Starfsfólk kom með góðar hugmyndir sem unnið var út frá við gerð hennar.

Matartímanum var breytt því almennt taldi starfsfólk að hlaðborð hentaði ekki eins og var gert ráð fyrir. Það vantaði festu og öryggi hjá barnahópnum. Því var farið aftur í það að börnin áttu ákveðin sæti og borð. En unnið var áfram með sjálfstæði, börnin skammta sér sjálf og umræður urðu betri í matartímum og lagt áhersla á kurteisi og rólegheit. Starfsmenn fannst þeim fá góðan stuðning frá deildarstjórum, hrós og hvatningu. Kom sérstaklega fram að mikil samvinna sé á deildum og góður starfsandi. Í umbótaáætlun á næsta ári ætlum við að að halda áfram með örfundi. Við ætlum líka að vinna betur með útikennslu og hafa skipulagðar stundir. Nýta þann góða efnivið sem við eigum. Við tengjum það við námsferð sem við ætlum að fara í næsta vor.

Símenntun tekur mið af umbótaáætlun á hverju ári. Fyrir næsta skólaár erum við að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem tengist starfi leikskólans.

- Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026.
- Skyndihjálparnámskeið verður á starfsdegi í haust.
- Námsferð til Stokkhólms verður farin í apríl, það verður meðal annast farið í útikennslu.
- Einnig verður fengin fyrirlestur um mikilvægi málörvunar í öllu starfi.



7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva.

Samvinna er á milli leik og grunnskóla, aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning milli skólastiga. Börnin fóru í heimsókn í Melaskóla og frístund, sjá töflu. Sérkennslustjóri fór á skilafund vegna barns sem þarf á stuðning og sérkennslu að halda í grunnskólanum. Sérkennari kom í heimsókn á Skerjagarð.

29. apríl klukkan 8:45-12:00	Börnin kynnst Bókasafni skólans, Selinu frístund.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
22. maí Skilafundur klukkan 10:30-10:45. Vegna barns sem þarf stuðning og sérkennslu í Melaskóla haust 2025	Umsögn um hvaða úrræði hafa reynst barninu vel á Skerjagarði. Skrifleg skýrsla á eyðublaði frá Reykjavíkurborg, upplýsingar milli leikskóla og leik-grunnskóla.	Melaskóli.	Sérkennslustjórar beggja skólastiga, aðstoðarskólastjóri, sérkennsluráðgjafir Vesturmiðsstöðvar Reykjavíkurborgar á leik- og grunnskólastigi. Forstöðumaður frístundaheimilis Selsins.
23. maí Heimsókn frá Sérkennslustjóri Melaskóla kom í heimsókn á Skerjagarð.			





8. Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðamenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

- **Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.**
- Er einn formaður og gjaldkeri. 6 meðstjórnendur.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum t.d jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki.

Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Eins var farið í Húsdýragarðinn 30. maí, með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans. Foreldrafélagið sér um rútuna. Foreldrafélagið sér um fyrirlestur fyrir foreldra á haustin í september- október þá er kosið í stjórn foreldrafélagsins.

Fundir og viðburðir:

22. september Dagsetningar ákveðnar fyrir sveitaferð og jólaball. Hittingar yfir veturinn t.d ferð í húsdýragarðinn, bíóferð og fleira. Farið yfir jólaball Skerjagarðs. Skipulagt hvað foreldrar ætla að sjá um.

10.janúar Fundur hjá foreldrafélaginu, farið yfir dagsetningar á nýju ári. Opið hús, sveitaferð og annað.

24. febrúar Farið í bíó á starfsdegi, foreldrar og börn.

12. febrúar Fyrirlestur á Skerjagarði talmeinafræðingu frá Tröppu. Fræðsla um áhrif skjátíma á málþroska barna.

30. maí Farið í Húsdýragarðinn.

Foreldraviðtöl

- Foreldrakynning er á haustin þá er farið yfir starfið og hvað við leggjum áherslu á.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári haustin og vorin.

9.Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdaga er reynt að hafa einhverja daga tengda grunnskólanum. Sjá viðhengi.

10.Fylgiskjöl





F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Skerjagarður



Umsögn foreldraráðs





Foreldraráð leikskólans skipa:

Iðunn Svala Árnadóttir, formaður Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Anna Bergmann, gjaldkeri Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

María Guðnadóttir, ritari Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Sandra Ýr Dungal

Ingibjörg Björnsdóttir

Dagrún Davíðsdóttir

Garðar Víðir Gunnarsson

Sóldís Harðardóttir, Leikskólastýra Skerjagarðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, þetta samræmist vel.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, hún er það.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún veitti mér miklar og greinargóðar upplýsingar um innra starf.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar athugasemdir. Starfið í Skerjagarði er í senn faglegt og heimilislegt sem skapar einstaklega hlýtt andrúmsloft og traust sem að foreldrar bera til starfsins. Það er áhugavert að lesa þetta og sjá vilja þeirra til að endurskoða fyrri ákvarðanir og breyta út frá því hvað raunverulega virkar vel í daglegu starfi með börnunum svo að þeim vegni sem best. Það gleður einnig að lesa áætlanir um símenntun starfsfólks sem skiptir gríðarlegu máli og sýnir skuldbindingu þeirra að halda starfinu faglegu og tryggja að ekki verði staðnað í starfi.





Fulltrúar í foreldraráði:

Iðunn Svala Árnadóttir, formaður Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Anna Bergmann, gjaldkeri Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

María Guðnadóttir, ritari Stjórnar foreldraráðs Skerjagarðs

Sandra Ýr Dungal

Ingibjörg Björnsdóttir

Dagrún Davíðsdóttir

Garðar Víðir Gunnarsson

Sóldís Harðardóttir, Leikskólastýra Skerjagarðs

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Iðunn Svala Árnadóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi





Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Útikennslu áætlun í vinnslu

- Gera plan um útikennsludaga hver hópur fer hálfsmánaðrlega í skipulaðgðan útikennsludag.
- Gera bakpoka tilbúna, aldursskipt Bakki og Ból. Minna efni í töskunum því betra hægt að breyta þegar líður á veturinn.
- Fyrir Ból, vatnsliti, glærar fötur, skóflur og stækkunargler
- Fyrir Bakka yngri sama og Ból ásamt dúk og t.d eggjabakka til að safna efnivið.
- Fyrir Bakka eldri flókanri pokar , tölustafir og bókstafir litaspjöld málningatape, bandspotta, málbönd, stækkunargler.
- Hugmyndabanki af leikjum og efni og hvað.

Hugmyndir:

Gátlisti útíkennsla

Útíkennslutöskur. Tölustafir og bókstafir, form og annar efniviður. Ýta undir læsi í útíkennslu á fjölbreyttan hátt.

Hvernig gengur að nota töskunar í útíkennslu?

Er allur efniviður sem á að vera í töskunum til staðar, hvað vantar eða hvað má betur fara?

Hvaða leiki, efnivið hefur þú verið að nýta þennan mánuðin?

Upplifir þú að börnin hafi ánægju og áhuga á efninu, að hvaða leiti eða hvernig (ljósmyndaskráning)?

Ef börnin eru ekki virk hvað þurfum við að gera ?

Matsspurningar fyrir Ból og Bakka : Deildarfundir og starfsdagar:

- Hvernig gengur Val/flæðið, eru börnin virk á svæðum og staldra þau við? Útskýrðu nánar: _____

- Er eitthvað sem þu vilt hafa öðruvísi og má einhverju breyta?

Hugmyndir til að auðga leikinn í flæðinu á morgnanna og seinnipartinn, er fjölbreyttur efniviður eða vantar einhvern efnivið?

- Hvernig gengur að fylgja áætlun og vera til staðar á sínu svæði fyrir börnin?

- Ferðu í undirbúning og hvernig ertu undirbúinn fyrir svæðið?

- Matartímar viljum við breyta einhverju eða er allt gott?

- Fataklefinn er eitthvað sem við viljum bæta þar:

- Getum við eitthvað breytt eh í sambandi við hlutverkaleikinn. Þannig að það væri til dæmis hægt að hafa verðlaust efni til að leika með eins og mjólkurfurnur og fl. Hugmyndir

- Fara yfir hlutverkin verkefnin hjá okkur hvernig er það að virka viljum við eitthvað öðruvísi plan/skiptingu er eitthvað óljóst?:

- Hugmyndir af nýjum efnivið:

Gátlisti/mat fyrir samverustundir:

Skipulagðar Samverustundir eru tvisvar á dag morgunsamvera þar sem ákveðið viðfangsefni og bók er lesin og hádegissamvera með sönglögum tengdum þemu. (sjá áætlun/form) mikilvægt að hafa samverukassa/poka með auðvelt aðgengi.

- Hvernig gengur mér að halda utan um samverustundir og barnahópinn? Þarf eitthvað að laga?

- Vantar einhvern efnivið sem gott er að nota í samverustund tengt þemanu?

- Hugmyndir af samverustundum:

- Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Samverustund

Skipulag

- Halló krakkar velkomin. . .
- Fara yfir spjöldin
- Syngja dýralag
- Bókina (Íslensku húsdýrin) Nota hljóð og tákn. Hver á heima í húsinu?, það er strákurinn....
- Boltaleikur, hvað segir kindin?. . .
 - (Hestur, hundur, kisa, kindin, hænan, haninn, kýrin, öndin.)
- Syngja dýralag
- Jæja krakkar takk fyrir

Dýralög

- Ég fór í dýragarð í gær
- Ding dong
- Fiskalagið
- Nú skal syngja um dýrin
- Það var einu sinni api
- Kalli litli kónguló
- Fimm litlir apar
- Hani, krummi, hundur svín
- Tombái (með dýrum; hundur, hundur, hundur. . .geltir þar, geltir hér. . .)

Hugmyndir að leikjum

- Leika með dýr og kubba. Láta þau sofa borða leika labba.
- Fara og baða dýrin í vaskinum inni á baði eða í sullukerinu inn á deild.
- Útivera þykjast vera dýr. Taka eftir dýrum í umhverfinu, hvað segir kisan, hvernig var hún á litinn. Setja dýr undir teppið.



Leikskóladagatal 2025 - 2026

Leikskólinn Skerjagardur

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Dymbilvíka	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M Foreldraviðtöl	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M Foreldraviðtöl	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ Foreldraviðtöl	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur verslunarmar	4 F	4 L	4 Þ Foreldraviðtöl	4 F Foreldraviðtöl	4 S	4 M	4 M Foreldraviðtöl	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ sumarfrí	5 F	5 S	5 M Foreldraviðtöl	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M sumarfrí	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn	6 F Starfsdagur	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F sumarfrí	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólan	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F sumarfrí	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L Opið Hús	9 Þ	9 F
# S	# M	# F Starfsdagur	# M	# M	# L	# Þ	# Þ	# F	# S	# M Skólasítt grunnskóla	10 F
# M sumarfrí	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Dagur íslenska táknmálsins	# M	# L	# M	# F	11 L
# Þ	# F	# S	# M	# F	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	12 S
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	# F	# F	# M	# M	# L	13 M
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# L Dagur stærðfræðinna	# Þ	# F Upptögnardagur	# S	14 Þ
# F	# M	# M	# L	# M	# F	# S	# S	# M	# F	# M	15 M
# L	# Þ Dagur íslenskrar nátt	# F	# S Dagur íslenskrar tungu	# Þ	# F	# M Bolludagur	# M	# F	# L	# Þ	16 F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# Þ Sprengidagur	# Þ	# F	# S	# M Lýðveldisdagurinn	17 F
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Öskudagur	# M	# L	# M	# F	18 L
# Þ	# F	# S	# M	# F	# M	# F Vetrarfrí Grunnskóla	# F	# S	# Þ	# F	19 S
# M	# L	# M	# F Dagur mannréttinda	# L	# Þ	# F Vetrarfrí Grunnskóla	# F	# M	# M	# L	20 M
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	21 Þ
# F Skóasetning grunnskóla	# M	# M	# L	# M	# F	# S Konudagur - upphaf	# S	# M Starfsdagur	# F Umhverfisdagur	# M	22 M
# L	# Þ Foreldrakynning	# F	# S	# Þ Starfsdagur	# F Bóndadagur - upphaf Þorra	# M	# M	# F Sumardagurinn fyrsti	# L	# Þ	23 F
# S	# M	# F Vetrarfrí Grunnskóla	# M	# M Aðfangadagur jóla	# L	# Þ	# Þ	# F Starfsdagur	# S Hvítasunnudagur	# M	24 F
# M	# F	# L Fyrsti vetrardagur	# Þ	# F Jóladagur	# S	# M	# M	# L	# M Annar í Hvítasunnu	# F	25 L
# Þ	# F Evrópski tungumálad.	# S	# M	# F Annar í jólum	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	26 S
# M	# L	# M Vetrarfrí Grunnskóla	# F	# L	# Þ	# F	# F	# M	# M	# L	27 M
# F	# S	# Þ Vetrarfrí Grunnskóla	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	28 Þ
# F	# M	# M	# L	# M Lokað	# F		# S Pálmasunnudagur	# M	# F	# M	29 M
# L	# Þ	# F	# S	# Þ Lokað	# F		# M Dymbilvíka	# F	# L	# Þ	30 F
# S		# F		# M Gamlársdagur	# L		# Þ Dymbilvíka		# S		31 F

Í reglum um leikskólalápnústu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.